

3. fundur háskólaráðs Landbúnaðarháskóla Íslands 5. ágúst 2004 kl. 11.00 í fundarsal landbúnaðarráðuneytisins.

Þessir sátu fundinn.

Allir háskólaráðsmenn voru mættir til fundar nema Brynhildur Einarsdóttir. Í hennar stað sat Ari Eggertsson fundinn. Hákon Sigurgrímsson ritaði fundargjörð.

Þetta var gert:

1. Formaður gat þess að Stefán Logi Haraldsson, Klettavík 7, 310 Borgarnesi hafi verið skipaður varamaður í háskólaráð samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins
2. Fundargjörð 2. fundar lögð fram og samþykkt
3. Formaður gerði grein fyrir upplýsingum sem hann hefur aflað sbr. lið 2. í síðustu fundargjörð
4. Umsögn um umsóknir um stöðu rektors: Eftirfarandi var bókað:“

“Umsögn háskólaráðs Landbúnaðarháskóla Íslands vegna umsókna um stöðu rektors Landbúnaðarháskóla Íslands

Vísað er í bréf landbúnaðarráðuneytisins, dagsett 7. júlí 2004, þar sem óskað er umsagnar háskólaráðs Landbúnaðarháskóla Íslands um það hverjir af umsækjendum um stöðu rektors Landbúnaðarháskóla Íslands uppfylli skilyrði laga til að gegna stöðu rektors.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, má skipa þann í stöðu rektors, sem lokið hefur æðri prófgráðu við háskóla og öðlast hefur stjórnunarreynslu. Hér er um að ræða lágmarksskilyrði laga um menntun og reynslu umsækjanda. Háskólaráð hefur í mati sínu á umsækjendum skilgreint æðri prófgráðu sem mastersgráðu eða ígildi hennar.

Lög nr. 57/1999 eða önnur lögskýringargögn gefa hins vegar ekki leiðbeiningu um hvað felist í hugtakinu *stjórnunarreynsla*. Hugtakið *stjórnunarreynsla* getur samkvæmt orðan sinni falið í sér ýmiss konar stjórnun. Jafnframt er ekki skýrt nánar hversu mikil eða víðtæk slík reynsla eigi að vera. Það er mat ráðsins að hér komi til skoðunar m.a. stjórnun starfsfólks, stjórnun rekstrareininga ýmiss konar eða stjórnun akademískra verkefna. Í samræmi við þetta hefur ráðið talið að túlka beri hugtakið *stjórnunarreynsla* með rúmum hætti samkvæmt lögum.

Í samræmi við óskir landbúnaðarráðuneytisins hefur háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands farið yfir og metið umsækjendur með tilliti til lágmarksskilyrða laga nr. 57/1999. Það er mat ráðsins að allir 14 umsækjendur um stöðu rektors uppfylli lágmarksskilyrði laganna eins og þau eru skilgreind hér að ofan. Mat á lágmarksskilyrðum felur ekki í sér mat á hæfni umsækjenda til að gegna þessari stöðu, því er ekki um hæfnisdóm að ræða.

Þar sem lög nr. 57/1999 kveða einungis á um lágmarksskilyrði um menntun og reynslu umsækjanda og þessi skilyrði laga eru túlkuð með rúmum hætti telur háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands mikilvægt, og í samræmi við lögbundið hlutverk þess, að ráðherra fái álit ráðsins á nauðsynlegum bakgrunni, reynslu og menntun tilvonandi rektors. Þetta álit er almennt en miðast við að Landbúnaðarháskóli Íslands sé vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun á háskólastigi á sviði landbúnaðar, sem mun eiga samstarf við innlendar og erlendar mennta- og rannsóknarstofnanir. Umsögnin miðast einnig við að Landbúnaðarháskóli Íslands er stór vinnustaður með mikla vaxtarmöguleika á ýmsum sviðum.

Stofnuninni er ætlað að vera leiðandi á sviði landbúnaðarrannsókna og ber skylda til að þjónusta landbúnað sem atvinnugrein og veita nemendum fræðslu sem viðurkennd er við erlenda háskóla. Háskólaráð telur því æskilegt að nýr rektor hafi doktorsgráðu eða sambærilegt fræðastarf að baki, hafi starfað sem fræðimaður og náð árangri á því sviði. Jafnframt er æskilegt að nýr rektor hafi innsýn í starf háskóla almennt og landbúnað. Reynsla af alþjóðlegum samskiptum á sviði vísinda er mikilvæg.

Landbúnaðarháskóli Íslands er byggður á grunni þriggja stofnana. Við hina nýju stofnun munu starfa um 140 starfsmenn og nú eru þar 350 nemendur. Rektor skólans mun, ásamt háskólaráði, móta skólanum stefnu til framtíðar. Miklu mun ráða um árangur hvernig tekst til með samruna og samstarf þessara þriggja heilda. Þar skiptir skýr framtíðarsýn höfuðmáli. Þá er einnig mikilvægt að sá einstaklingur sem skipaður verður hafi haldgóða reynslu af stjórnun starfsfólks og/eða rannsókna- og þróunarverkefna og samþættingu ólíkra sjónarmiða.”

Gengið frá framangreindri bókun í formi bréfs til landbúnaðarráðherra sem allir háskólaráðsmenn undirrituðu.

5. Formanni þökkuað farsæl stjórn ráðsins á þessu fyrsta skeiði þess.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.